

um frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

Í landsreikningnum 1909 er námsstyrkur við prestaskólann talinn 1200 kr., en þar af eru 600 kr. styrkur frá kommuniteti. Úr landssjóði hafa því á þessum lið að eins verið greiddar 600 kr. Útgjöldin í 14. gr. A., gjaldl. 6. A. í reikningslögnum, eru því oftalin og eiga að lækka um sömu upphæð.

Í óvissum útgjöldum 1909 eru fólgnar 5000 kr. til bankarannsóknarnefndar. Eins og tekið er fram í álitsskjali nefndarinnar um athugasemdir við landsreikningana, útgjaldabálkinn 1909 tölul. 64., leggur nefndin á móti því, að þessi kostnaður lendi á landssjóði, og ber því að draga upphæðina frá 19. gr. B. í landsreikningnum, gjaldlið 11 í reikningslögnum.

Aftur á móti vantar að tiltæra í sama gjaldlið óviss útgjöld 1908, önnur en sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi, kr. 7521,98. Umræddur gjaldliður á því að hækka um kr. 2521,98.

Af þessum breytingum leiðir, að tekjuafgangur fjárhagstímabilsins lækkar um kr. 1921,98, en peningaforði landssjóðs við árslok 1909 hækkar um kr. 5600,00.

Alþingi, 10. apríl 1911.

Hálf dán Guðjónsson,
formaður.

Ólafur Briem,
skrifari og framsögum.

Stefán Stefánsson Eyf.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

Við II. 6. A. Fyrir: »45286.40« komi: 44686.40.
— — 11. Fyrir: »126674.19« komi: 129196.17.
— — 14. Fyrir: »305762.98« komi: 303841.00.
Peningaforði. Fyrir: »299729.76« komi: 305329.76.